



## SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

Endurskoðun á deiliskipulagi Stórhóls Hjarðarholts

Nýtt deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæði við Aksturslág

**30.05.2024**



**NORÐURÞING**



**UPPLÝSINGAR**

---

**SKJALALYKILL**

---

104217-LYS-001-V01

**HÖFUNDUR**

---

Silja Traustadóttir

**RÝNT**

---

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir, Margrét Róbertsdóttir

Unnið fyrir Norðurþing.  
Forsíðumynd Gaukur Hjartarson  
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

## EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ	3
TÖFLUSKRÁ	3
<b>1 FORSENDUR</b>	<b>4</b>
1.1 Aðdragandi og viðfangsefni	4
1.2 Afmörkun deiliskipulags Stórhóls Hjarðarholts	5
1.3 Afmörkun deiliskipulags við Aksturslág	6
1.4 Umhverfi og staðhættir	7
1.4.1 Umhverfi og staðhættir við Stórhól	7
1.4.2 Umhverfi og staðhættir við Aksturslág	8
1.5 Tengsl við aðrar áætlanir	9
1.5.1 Landskipulagsstefna	9
1.5.2 Húsnæðisáætlun Húsnæðis og mannvirkjastofnunar frá 2023	9
1.5.3 Yfirlit Ferðamálastofu um spár um fjölda ferðamanna frá 2023	9
1.5.4 Aðalskipulag	10
1.5.5 Deiliskipulag	11
<b>2 MATSLÝSING</b>	<b>12</b>
2.1 Nálgun og áherslur matsvinnu	12
<b>3 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI</b>	<b>13</b>
3.1 Kynning og samráð	13
3.2 Umsagnaraðilar	13
3.3 Drög að skipulagsferlinu	14

## MYNDASKRÁ

MYND 1	Áætluð afmörkun skipulagsbreytinga Stórhóls Hjarðarholts á loftmynd.	5
MYND 2	Áætluð afmörkun deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág á loftmynd.	6
MYND 3	Gatnamót Þverholts Baughóls.	7
MYND 4	Séð frá Þverholti inn á skipulagssvæðið.	7
MYND 5	Baughóll – Stórhóll	8
MYND 6	Horft niður Baughól – skógarlundur í Stórhólslæg	8
MYND 7	Skipulagssvæðið séð frá Þjóðvegi 85, Norðausturvegi.	8
MYND 8	Yfirlit Ferðamálastofu um spár um fjölda ferðamanna.	9
MYND 9	Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030, hluti þéttbýlisuppráttar.	10

## TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1.	Flokkun umhverfisáhrifa í mati á áætluninni.	12
TAFLA 2	Drög að skipulagsferli	14

## 1 FORSENDUR

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030, endurskoðunar deiliskipulags og nýs deiliskipulags. Hér er farið yfir áherslur bæjarstjórnar við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum. Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum komandi skipulagsvinnu.

### 1.1 Aðdragandi og viðfangsefni

Á undanföllum árum hefur verið vöxtur á Húsavík og íbúum fjölgað um 300 á áratug sem samsvarar 14% aukningu. Á sama tíma fjölgaði ferðamönnum mikið í sveitarfélaginu og uppbygging átti sér stað í gistingu og afþreyingu. Áfram er spáð stöðugri fjölgun íbúa og ferðamanna og af þeim sökum vill sveitarstjórn ráðast í þær skipulagsbreytingar sem hér eru kynntar. Skipulagslýsing þessi tekur til tveggja mála á deiliskipulagsstigi sem bæði eru þannig sniðin að þau kalla á breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Húsnæðisskortur er á Húsavík og til þess að tryggja nægt framboð af byggingarlóðum fyrir fjölbreyttar íbúðargerðir er vilji til þess að skoða möguleikann á því að byggja inn í núverandi byggð með því að skilgreina lóðir á auðum svæðum og endurskipuleggja eldri svæði. Með því að fjölga íbúðum við Stórhól og Hjarðarholt nýtast núverandi innviðir betur s.s. götur, stígar og langakerfi. Deiliskipulag Stórhóls og Hjarðarholts verður endurskoðað og heimildir til fjölgunar íbúða í nýjum og þegar byggðum húsum settar.

Þörf er fyrir stóra matvöruverslun á Húsavík sem getur annað heimamönnum í héraðinu og öllum þeim ferðamönnum sem sækja svæðið heim. Núverandi verslunarhúsnæði, sunnarlega í byggðinni, þykir ekki nægilega hentugt til þess að koma fyrir nútímalegri verslun með góðu aðgengi fyrir alla. Að sumarlagi er mikill erill ferðamanna í miðbæ Húsavíkur og bæði heimamönnum og ferðafólki getur reynst erfitt að finna bílastæði í bænum. Skipulagsyfirvöld telja að óheppilegt sé að stór matvöruverslun sé staðsett í miðri miðbæjartraffíkinni. Af þeim sökum stendur vilji skipulagsyfirvalda til þess að horfa frá núverandi stefnu aðalskipulags um uppbyggingu verslunar og heimila uppbyggingu nútímalegras verslunarkjarna með dagvöruverslun og minni smásöluverslunum sunnan við þéttbýlið. Á svæði við Aksturslág verða góðar umferðartengingar og næg bílastæði fyrir heimamenn og ferðafólk. Íbúar og fyrirtæki á miðbæjarsvæðum munu síður verða fyrir ónæði af verslun sem staðsett er utan við þéttbýlið.

Skipulagslýsing þessi tekur til:

- Breytingar á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030
- Endurskoðunar deiliskipulags Stórhóls Hjarðarholts
- Deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág

## 1.2 Afmörkun deiliskipulags Stórhóls Hjarðarholts

Endurskoðun deiliskipulags Stórhóls Hjarðarholts tekur til sama svæðis og upprunalegt skipulag nær til. Stærð svæðisins er 11 hektarar og afmörkun er dregin í miðjum götum; Garðarsbraut að vestan, Hjarðarhóll og Baughóll að norðan, Baughóll að austan og Þverholt að sunnan.

Í aðalskipulagi tekur afmörkunin til þriggja íbúðarsvæða; ÍB 9 og ÍB 10 í heild sinni og til hluta ÍB8. Mörk að vestanverðu liggja upp við svæðið AT4/VP2, að sunnanverðu en til annarra átta liggja íbúðarsvæði og örlítill snertiflötur er við opið svæði til suðurs.



**MYND 1** Áætluð afmörkun skipulagsbreytinga Stórhóls Hjarðarholts á loftmynd.

### 1.3 Afmörkun deiliskipulags við Aksturslág

Áætluð afmörkun nýs deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág er sýnd með rauðri línu á loftmynd. Stærð svæðisins er um 4,5 hektarar. Allt svæðið er opið svæði í aðalskipulagi. Næst þjóðvegi er veghelgunarsvæði.



**MYND 2** Áætluð afmörkun deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág á loftmynd.

## 1.4 Umhverfi og staðhættir

Í undirköflum er fjallað um umhverfi og staðhætti beggja skipulagssvæða. Til er fornleifaskráning fyrir Húsavík frá árinu 2002 sem uppfæra þarf í samræmi við lög um menningarminjar 80/2012 og verður það gert samhliða vinnslu deiliskipulags. Ekki er vitað til þess að minjar sé að finna á skipulagssvæðunum.

### 1.4.1 Umhverfi og staðhættir við Stórhól

Skipulagssvæði Stórhóls er íbúðarsvæði sem er vel staðsett í þéttbýli Húsavíkur. Öll húsin innan afmörkunar deiliskipulagsins eru íbúðarhús og ekki vitað til þess að atvinnustarfsemi sé að finna í hverfinu. Íbúðargerð er fjölbreytt, einbýli, raðhús og lítil fjölbýli. Skóli, verslun og önnur þjónusta er í göngufæri við hverfið. Stutt er í góð útivistarsvæði en innan skipulagssvæðisins eru leiksvæði sem má styrkja. Þéttur skógarlundur er innan svæðisins. Skipulagssvæðið liggur í þó nokkrum landhalla og er um 25 m hæðarmunur á efsta og lægsta punkti. Götutengingar eru greiðar um Garðarsbraut, Þverholt, Baughól og Hjarðarhól. Hjóla- og göngustígatengingar eru til staðar en tækifæri er til að þétta netið. Skráðar íbúðir á svæðinu eru 150 talsins og mögulegt er að einhverjar ósamþykktar íbúðir séu aukreitis. Þéttleiki byggðarinnar mælist 13 íbúðir á hektara. Gott svigrúm er til þess að þétta og styrkja byggðina og bæta innviði samtímis, sbr. ljósmyndir sem fengnar eru af vefsíðu ja.is.



**MYND 3** Gatnamót Þverholts Baughóls.



**MYND 4** Séð frá Þverholti inn á skipulagssvæðið.



**MYND 5** Baughóll – Stórhóll



**MYND 6** Horft niður Baughól – skógarlundur í Stórhólslæg

Í nýju deiliskipulagi verða settir skilmálar sem leitast við að tryggja heildstætt yfirbragð og samfellu nýrrar og eldri byggðar. Skilgreindar verða öruggar umferðarleiðir fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur.

#### 1.4.2 Umhverfi og stæðhættir við Aksturslæg

Fyrirhugað skipulagssvæði við Aksturslæg er tún sem hefur verið nýtt og slegið síðustu ár. Svæðið liggur samsíða Norðausturvegi (þjóðvegur nr. 85) og göngu- og hjólastíg sem er í góðri fjarlægð frá þjóðveginum. Stærstur hluti svæðisins er flatlendi en á eystri mörkum hallar upp í móti. Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið, norðan við Þingeyjarsýslubraut er fallegur skógi vaxinn gilskorningur þar sem Þorvaldsstaðaá rennur. Að sunnanverðu er efnistökusvæði í Króklágarholti. Vestan við þjóðveginn eru athafnasvæði þar sem fyrirtæki s.s. Norðlenska og Frumherji, Steinsteypir og fiskeldið Haukamýri eru staðsett. Að austanverðu eru opin svæði og golfvöllurinn Katlavöllur.



**MYND 7** Skipulagssvæðið séð frá þjóðvegi 85, Norðausturvegi.



## 1.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft er sérstaklega til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum.

### 1.5.1 Landskipulagsstefna

Í Landskipulagsstefnu 2015-2026 er stefna um sjálfbært skipulag þéttbýlis í kafla 3.2.


*Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.*

Í undirköflum og greinargerð Landsskipulagsstefnu er fjallað um mikilvægi þess að vexti byggðar verði beint inn í núverandi þéttbýli og minnst á áskorunina sem felst í því að fella nýja byggð að því sem fyrir er. Staðsetning og fyrirkomulag nýrrar uppbyggingar þarf að styrkja bæjarbrag og það samfélag sem fyrir er. Einnig segir að stuðla verði að fjölbreyttum húsnæðiskosti og sérstaklega framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa, þannig eflist félagsleg fjölbreytni. Fjallað um blöndun byggðar, að stytta vegalengdir vegna daglegra athafna og ýta undir fjölbreyttan og umhverfisvænan ferðamáta.

### 1.5.2 Húsnæðisáætlun Húsnæðis og mannvirkjastofnunar frá 2023

Í mannfjöldaspá HMS er gert ráð fyrir stöðugri fjölgun í sveitarfélaginu á næstu árum; lágspá 0,6% en háspá 2,5%. Uppsöfnuð þörf er fyrir fjölbreyttar íbúðir í sveitarfélaginu. Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum er að útvega lóðir fyrir minni íbúðir parhús/raðhús og fjölbýli.

### 1.5.3 Yfirlit Ferðamálastofu um spár um fjölda ferðamanna frá 2023




Spár um komu ferðamanna til landsins gera ráð fyrir stöðugri fjölgun ferðamanna. Ferðamálastofa áætla að árið 2026 verði fjöldi ferðamanna á landinu rúmar 2,7 milljónir. Ákveðið samhengi er milli fjölgunar ferðamanna á landinu og fjölgunar á Húsavík. Skipulagsyfirvöld í Norðurþingi vilja tryggja að innviðir sveitarfélagsins geti annað þeim fjölda sem býr í bænum og sækir hann heim.

**MYND 8** Yfirlit Ferðamálastofu um spár um fjölda ferðamanna<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/nyjustu-spar-um-fjolda-ferdamanna>

### 1.5.4 Aðalskipulag

Í gildi er aðalskipulag Norðurbings 2010-2030. Á þéttbýlisupprætti eru þau svæði merkt með rauðum hringjum sem verða til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingu. Þetta eru í tilviki Stórhóls íbúðarsvæði ÍB-8,9 og 10 og örlítill skörun er við opið svæði OPS-10. Í tilviki verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág er átt við opið svæði OPS-10.



MYND 9 Aðalskipulag Norðurbings 2010-2030, hluti þéttbýlisuppráttar.

Ekki er reiknað með því að breyta þurfi aðalskipulagsupprætti vegna íbúðarsvæða við Stórhól nema ef svo færi að íbúðarsvæði yrðu sameinuð. Við Aksturslág verður skilgreint nýtt verslunar- og þjónustusvæði (VP) þar sem nú er opið svæði með heimild fyrir uppbyggingu verslunarmiðstöðvar með stórmarkaði fyrir dagvöruverslun og minni sérverslunum.

#### 1.5.4.1 Breytingar á aðalskipulagsákvæðum vegna íbúðarbyggðar

Í núgildandi aðalskipulagi segir í umfjöllun um íbúðarsvæði að stuðlað verði að því að sem flest heimili séu í göngufjarðlægð frá miðbæ og skólasvæði. Skilgreint markmið er að byggt verði í eyður innan núverandi hverfa. Í töflum um þá íbúðarreiti sem hér eru til umfjöllunar er sagt að þeir séu fullbyggðir og í samantekt yfir mögulegan fjölda nýrra íbúða á íbúðarsvæðum eru engar tilgreindar á reitum ÍB8-10. Þó segir að stakar lóðir innan eldri byggðar séu ekki taldar með.

Í aðalskipulagi verður stefnu og umfjöllun um viðeigandi íbúðarsvæði breytt þannig hægt verði að nýta þau lausu svæði sem eru innan hverfisins til uppbyggingar nýrra húsa og fjölgunar íbúða í þegar byggðum húsum þar sem það á við. Reiknað er með því að hægt verði að skilgreina nýjar lóðir fyrir allt að 50 íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum og einbýlishúsum. Einnig að fjölga megi skráðum íbúðum í þegar byggðum húsum um allt að 10 íbúðir og er þar er einkum horft til einbýlishúsa sem mögulega gætu breyst í tvíbýlishús. Skoðað verður hvort betur fari á því að sameina íbúðarreiti í aðalskipulagi.

#### 1.5.4.2 Breytingar á aðalskipulagsákvæðum vegna verslunar- og þjónustusvæðis

Í gildandi aðalskipulagi segir í umfjöllun um verslun í kafla 24.2.2. að miðbæir verði greinilegir og áhugaverðir og að verslun og þjónustu verði beint á miðsvæði eftir því sem unnt er.

Skipulagsnefnd lítur svo á að ekki fari vel á því að beina nýrri stórverslun inn á miðsvæði og vill frelsa íbúa undan því ónæði sem hlýst af því að hafa stóra verslun með mörgum bílastæðum í miðbænum. Áfram verður ein matvöruverslun í góðu göngufæri í miðbænum. Skipulagsnefnd telur að með því að staðsetja stórverslun utan við þéttbýlið dragi úr álagi akandi ferðamanna á miðbæinn og vill með þeim skipulagsbreytingum sem hér eru kynntar skapa aðstæður til þess að verslunarmiðstöð geti risið á bæjarlandi sunnan við núverandi íbúðabyggð. Þar verði góðar umferðartengingar fyrir akandi og hjólandi, næg bílastæði bæði fyrir heimamenn og ferðafólk og góð hjólastæði. Í aðalskipulagi verður stefnu, markmiðum og umfjöllun um verslun breytt þannig hægt verði að koma fyrir nýrri verslun með fjölda bíla- og hjólastæða við Aksturslág.

#### 1.5.5 Deiliskipulag

Gerð er grein fyrir stöðu deiliskipulags beggja deiliskipulagssvæða sem hér segir:

##### 1.5.5.1 Deiliskipulag Stórhóls og Hjarðarholts

Í gildi er deiliskipulag Stórhóls og Hjarðarholts staðfest þann 16.01.2001. Við gildistöku endurskoðaðs deiliskipulags verður núgildandi deiliskipulag fellt úr gildi í heild sinni. Nýtt deiliskipulag verður sett fram á uppdrætti, skýringarmynd og í greinargerð. Þar verða settir nýir skilmálar um núverandi byggingar, nýbyggingar, skógarsvæði, leiksvæði, götur og stíga og fleira sem á við.

##### 1.5.5.2 Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir umrætt svæði við Aksturslág. Unnið verður nýtt deiliskipulag sem sett verður fram á uppdrætti og skýringarmynd. Í greinargerð verða settir fram skilmálar um aðkomu, götur, stíga, byggingar, bíla- og hjólastæði og fleira sem við á.

## 2 MATSLÝSING

### 2.1 Nálgun og áherslur matsvinnu

Fjallað verður um áhrif skipulagsbreytinga á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Annars vegar er um að ræða þéttingu í þegar byggðu hverfi þar sem skoðuð verða samfélagsleg áhrif sem og áhrif á ásýnd, landslag, gróður, umferð og öryggi. Hins vegar eru áhrif staðsetningar og uppbyggingar verslunarkjarna sunnan við þéttbýlið metin með tilliti til samfélagslegra gæða, umferðar, ásýndar og öryggis. Í umhverfismati skipulagsbreytinga verður lögð áhersla á að meta áhrif skipulagsbreytinga á eftirtalda umhverfisþætti:

- **Líffræðileg fjölbreytni** með áherslu á tegundir og búsvæði sem kunna að vera á deiliskipulagssvæðinu og njóta verndar.
- **Landslag, jarðmyndanir og gróður.** Skipulagssvæði Stórhóls er vel gróið og í talsverðum landhalla, skipulagssvæði Aksturslág er í nálægð við á, og fjölbreyttan gróður.
- **Grunnvatn.** Metin eru áhrif uppbyggingar á vatnsbúskap svæðisins.
- **Loftgæði.** Metin verða áhrif uppbyggingar á loftgæði.
- **Meningarminjar,** staðsetning nýrrar uppbyggingar með tilliti til minja sem kunna að vera á skipulagssvæðunum.
- **Öryggi.** Metin verða áhrif uppbyggingar á umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Metin verða önnur áhrif á öryggi eftir því sem við á.
- **Samfélag.** Metin verða samfélagsleg áhrif þéttingar byggðar á íbúðarsvæði og staðsetningar verslunarmiðstöðvar sunnan við þéttbýlið.

Umhverfismati aðalskipulagsbreytingar, endurskoðaðs deiliskipulags og nýs deiliskipulags er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til umhverfis- og samfélagssjónarmiða við gerð þess. Matið mun byggja á fyrirbyggjandi gögnum um grunnástand umhverfisins. Niðurstaða umhverfismats skipulagsbreytinga verður birt í umhverfismatsskýrslu í greinargerð aðal- og deiliskipulags.

Viðmið verða einkunn sótt í lög og reglugerðir auk stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum og skipulagsáætlunum sem eiga við um svæðið; landsskipulagsstefna, og aðalskipulag Norðurþings. Gerð verður grein fyrir vægi áhrifa með meðfylgjandi flokkun umhverfisáhrifa ásamt umfjöllun í texta.

**TAFLA 1.** Flokkun umhverfisáhrifa í mati á áætluninni.

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð	Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar.
Óveruleg	Áhrif breytingar óveruleg á einkennum umhverfisþáttar.
Neikvæð	Neikvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar.
Óviss	Áhrif breytingar á einkennum umhverfisþáttar eru óviss.

### 3 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

#### 3.1 Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing þessi er kynnt og auglýst í samræmi við gr. 4.2 og 5.2. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að deiliskipulagi. Skipulagslýsing verður auglýst í fjölmiðli og verður aðgengileg í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Skipulagsgáttin er samráðsgátt um skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi.

Á kynningartíma er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu, og skila þeim með rafrænum hætti í [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is)

#### 3.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá lögbundnum umsagnaraðilum og eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnarsýslu Norðurlands.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Orkuveita Húsavíkur
- Rarik
- Aðliggjandi sveitarfélög; Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur
- Landsnet

### 3.3 Drög að skipulagsferlinu

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og helstu tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

**TAFLA 2** Drög að skipulagsferli

MÁNUÐUR	LÝSING	
Maí 2024	Skipulagslýsing	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings
Júní 2024	Lýsing afgreidd	Lýsing afgreidd í sveitarstjórn til umsagnar og kynningar.
Júní 2024	Lýsing kynnt	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Ágúst 2024	Tillögur teknar fyrir	Skipulagstillögur teknar fyrir í skipulags- og framkvæmdaráði þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanleg tillögur samþykktar til auglýsingar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Ágúst/ sept. 2024	Tillagan auglýst	Skipulagstillögur auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga; aðalskipulagsbreyting, endurskoðað deiliskipulag. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Sept./okt. 2024	Tillagan hjá skipulagsyfirvöldum	Unnið úr athugasemdum og ábendingum og afstaða tekin til þess hvort auglýsa þurfi tillögur aftur.
Október 2024	Tillagan afgreidd í Norðurþingi	Tillaga afgreidd í sveitarstjórn og skipulagið sent til Skipulagsstofnunar skv. 3 mgr. 41. gr skipulagslaga.
Nóvember 2024	Samþykktarferli	Skipulagsráð og sveitarstjórn samþykkir skipulagsáætlanir og auglýsir til staðfestingar í kjölfarið í B – deild Stjórnartíðinda skv. 42 gr. skipulagslaga.